



Viðbragsáætlun vegna mengunar

Þegar blámi er úti og grunur leikur á að um sé að ræða mengun vegna eldgoss og efi um að rétt sé að börnin fari í útivist þá eru eftirfarandi vinnubrögð sett í gang.

- Þegar að útivistinni kemur fer deildarstjóri inn á heimasíðu Veðurstofunnar og leitar sér þar upplýsinga.
<http://www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/>
- Ef það reynist í lagi að láta börnin út þá fer deildarstjóri aftur og athugar stöðuna þegar útivistin er u.þ.b. hálfnuð.

Leiðbeiningar fyrir leik- og grunnskóla

Almannavarnir, Umhverfisstofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og Sóttvarnalæknir hafa fengið nokkuð af fyrirspurnum frá leik- og grunnskólum um hvar upplýsingar megi finna varðandi gosmengunina. Almannavarnir gefa út tilkynningar þegar háir mengunartoppar ganga yfir og nauðsynlegt er að fólk haldi sig inni og loki gluggum. Athugið að mengunartoppar ganga jafnan hratt fyrir. Það breytir ekki því að gosmengun getur legið í loftinu í lægri styrk og við höfum því hvatt fólk til að treysta á eigin skynfæri og skynsemi. Ef fullorðnir finna fyrir einkennum og óþægindum og líður betur inni gildir það sama um börnin. Engin ástæða er til að ætla að SO₂ mengun sé hættulegri börnum en fullorðnum, að mati Sóttvarnalæknis.

Á heimasíðum Umhverfisstofnunar og embættis Landlæknis er sérstakur borði merktur gosmenguninni og þar má nálgast allar almennar upplýsingar. Þar er til dæmis gagnlegt að skoða töfluna sem sýnir rétt viðbrögð við SO₂ mengun. Hún útlistar viðbrögð eftir styrk mengunar og eftir því hvort um heilbriggt fólk sé að ræða eða fólk sem er viðkvæmt. SO₂ taflan er aðgengileg hér: <http://www.ust.is/einstaklingar/loftgaedi/so2/>

Daglegar spár um dreifingu mengunarinnar og loftgæði má nálgast á vef Veðurstofunnar á slóðinni <http://www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/> og styrkur mengunarinnar er mældur og miðlað á vefsíðunni www.loftgaedi.is. Þar má sjá punkta og þegar smellt er á þá má sjá mælingu mengunarinnar á þessum stöðum. Ekki eru allir mælar á landinu nettengdir með þessum hætti en virkni þeirra tryggir að viðvaranir eru gefnar út þegar mengunartoppar ganga yfir. Fjölmiðlar gegna veigamiklu hlutverki við miðlum upplýsinga til almennings og því er nauðsynlegt að fylgjast grannt með þeim og fylgja leiðbeiningum almannafráttanna sem þar koma fram.

Reykjavík, október 2014.